



## Spáum 2,9% verðbólgu í mars

Hagstofan birtir marsmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) klukkan 9:00 miðvikudaginn 27. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 3,0% í 2,9%

VNV hækkaði um 0,19% milli mánaða í febrúar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,6% til +0,7%. Við spáðum +0,6%.<sup>1</sup>

### Helstu undirliðir:

- **Föt og skór** lækka venjulega milli mánaða í janúar vegna útsala og gengur sú lækkun venjulega til baka í febrúar og mars. Febrúarmánuður í ár var óvenjulegur að því leyti að þessi liður hækkaði mun minna en venjulega. Þetta er þó ekki einsdæmi þar sem verðhækkunin árið 2017 var einnig mjög lítil. Þá var lítilli verðhækkun í febrúar mætt með töluvert mikilli hækkun í mars í staðinn. Við teljum líklegt að svipað verði upp á teningnum núna.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 2% milli mánaða. Heimsmarkaðsverð á hráolíu sveiflaðist nokkuð á tímabilinu en endaði nánast óbreytt frá upphafsverði í lok verðkönnunartímabilsins.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki milli mánaða en verði þó um 10% lægri en í mars í fyrra.
- Verðkönnun okkar í verðsjá fasteigna bendir til þess breyting milli mánaða á **reiknaðri húsaleigu** verði það lítil að áhrif á vísitöluna milli mánaða verði óveruleg.

Spáin er óbreytt frá því í febrúar þegar við spáðum einnig 0,5% hækkun milli mánaða í mars.


### Búumst við 2,8% verðbólgu í júní

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Apr.: +0,1% milli mánaða, 3,0% ársverðbólga.
- Maí: +0,1% milli mánaða, 3,2% ársverðbólga.
- Jún.: +0,2% milli mánaða, 2,8% ársverðbólga.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	-0,3%	-0,01%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,0%	0,00%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Póstur og sími	2,1%	0,1%	0,00%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,4%	0,0%	0,00%
Tómst. og menning	9,7%	0,0%	0,00%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	0,1%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,6%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,3%	0,02%
Heilsa	3,9%	0,8%	0,03%
Matur og drykkjarv.	11,4%	0,3%	0,03%
Kaup ökutækja	8,6%	0,5%	0,04%
Húsgögn og heimilisb.	4,0%	1,0%	0,04%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	5,6%	0,06%
Bensín og díselolía	3,2%	2,0%	0,06%
Föt og skór	3,2%	6,9%	0,22%
Alls	100,0%		0,52%

### Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

<sup>1</sup> sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-02-27-VNV-februar.pdf>



## Helstu óvissuþættir næstu mánuði

Það eru nokkrir þættir sem að okkar mati valda mestu óvissu næstu mánuði.

### 1) Kjarasamningar

Lítið virðist miða varðandi kjarasamninga. Næstu verkfallsaðgerðir hjá Eflingu eru fyrirhugaðar á mánudag í næstu viku og hjá VR á föstudag. Í báðum tilfellum beinast aðgerðirnar að fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Kjarasamningar hjá hinu opinbera eru síðan lausir í lok apríl. Verði samið um miklar taxtahækkningar er ólíklegt að atvinnurekendur hafi mikið svigrúm til að koma í veg fyrir að það muni smitast út í verðlag að þessu sinni.

### 2) Aflétting hafta

Á þriðjudag í seinustu viku tóku gildi nýjar reglur um meðferð krónueigna sem eru háðar sérstökum takmörkunum. Samkvæmt Seðlabankanum eru aflandskrónur að fjárhæð 84 ma.kr. nú lausar. Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að leyfa að lausn þessa fortíðarvanda valdi gengisveikingu. Samkvæmt því má búast við að hann mæti útstreymi gjaldeyris vegna aflandskróna með inngrípum á gjaldeyrismarkaði. Daginn sem þessi reglugerð tók gildi greip hann inni á markaðnum og mætti útlæði um sem nemur 2,5 ma.kr. Þetta er mjög lítil hluti hluti þess sem losnaði þannig að enn er ekki útséð með hvað verður um megnið af þessum aflandskrónum.


### 3) Gengi krónunnar

Burtséð frá framtíðarvanda með aflandskrónur er nokkuð mikil óvissa varðandi gengi krónunnar næstu misseri. Allt bendir til þess það muni hægja mjög á umsvifum ferðaþjónustufyrirtækja í ár. Það mun líklega þýða nýtt jafnvægi fyrir gengi krónunnar. Það er alls óvíst hvar þetta nýja jafnvægi verður.

### 4) Þróun fasteignaverðs


Nokkuð mikið af nýju húsnæði er á leiðinni á markaðinn. Alla jafna ætti slíkt að skila sér í hækkun á þeim vísitölum sem mæla fasteignaverð þar sem fermetraverð á nýju húsnæði er venjulega herra en á eldra húsnæði. Hins vegar virðist sem mikið af þessu húsnæði sé of dýrt miðað við það sem kaupendur geta eða eru tilbúnir að greiða.

## Mánaðarbreyting VNV í mars



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Vísendingar eru um að salan gangi hægar en vænst var.<sup>2</sup>

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

---

<sup>2</sup> sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-03-14-Fasteignamarkadur-frambod.pdf>